

Ávarp stjórnarformanns Gildis-lífeyrissjóðs - 27. apríl 2017

Fundarstjóri, sjóðfélagar, aðrir fundargestir.

Eignir Gildis-lífeyrissjóðs hafa vaxið stöðugt undanfarin ár þar sem að hrein eign samtryggingar nam tæplega 470 milljörðum í lok síðasta árs og fjöldi sjóðfélaga með réttindi í sjóðnum eru nú um 217 þúsund einstaklingar.

Fjárfestingarstefna sjóðsins leggur þann meginramma sem ákvarðar fjárfestingar sjóðsins hverju sinni. Horfa þarf til langtímasjónarmiða, að sjóðnum er ætlað að ávaxta sparnað sjóðfélaga til langs tíma með það að markmiði að ná sem hagfelldustum kjörum sem í boði eru að teknu tilliti til áhættu. Fjárfestingastefnan er endurskoðuð árlega og unnin með hliðsjón af lögum um lífeyrissjóði og send Fjármálaeftirlitinu.

Fjárfestingarstefna sjóðsins frá nóvember 2016 tók mið af því að gjaldeyrishöft voru þá enn við lýði. Stefnan gerir ráð fyrir að fjárfestingar í erlendum eignum nemi um 29% fyrir árið 2017 en sett voru rífleg vikmörk meðal annars vegna óvissu um gjaldeyrishöft og fjárfestingakosti. Hlutfall erlendra eigna Gildis í árslok 2016 var nálægt markmiðum stefnunnar eða um 27% en sjóðurinn fullnýtti undanþáguheimild Seðlabanka Íslands til nýfjárfestinga að fullu og nam sú fjárhæð ríflega 10,5 milljörðum króna. Í mars 2017 opnuðust möguleikar sjóðsins til þess að auka hlutfall erlendra fjárfestinga þegar Seðlabanki Íslands aflétti fjármagnshöftum af fjárfestingum lífeyrissjóða. Það má því reikna með að í fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2018 verði stigin frekari skref í þá átt að auka vægi erlendra eigna.

Til skamms tíma hefur sterk staða krónunnar haft neikvæð áhrif á afkomu erlenda eignasafnsins. En hafa verður í huga að með sterkri stöðu krónunnar nú felast einnig tækifæri að umbreyta íslenskum eignum í erlendar myntir. Þá er það stefna sjóðsins og hluti af áhættustýringu hans að eiga vel dreift eignasafn sem byggir ekki eingöngu á íslenska hagkerfinu.

Þá vík ég að öðru.

Talsvert hefur verið fjallað um það undanfarið að sjóðfélagar fái frelsi til að velja sér lífeyrissjóð. Hefur meðal annars verið um þetta fjallað á Alþingi og af forstjóra Kauphallarinnar. Rökin hafa verið þau að með því yrði stuðlað að aukinni samkeppni

og sjóðfélagar hefðu möguleika á að velja sér lífeyrissjóð til dæmis með tilliti til fjárfestingarstefnu, þjónustu eða réttinda. Slíkar tillögur hljóta þá að fela í sér að ríkisvaldinu sé ætlað að taka alfarið við örorkuþættinum. Að öðrum kosti gæti ekki verið um virka samkeppni að ræða.

Ef samkeppnissjónarmið verða fyrst og fremst höfð að leiðarljósi í rekstri lífeyrissjóða erum við þá ekki að fjarlægjast upphafleg markmið aðila vinnumarkaðarins þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir árið 1969? Að vera bakhjarl fyrir allt launafólk, óháð stétt og stöðu? Gætu samkeppnissjónarmið ráðið því að sjóðfélagar yrðu miseftirsóknarverðir þegar kemur að því að meta líkur á aukinni slysaáhættu eða líkamssliti eftir því hvaða störfum þeir gegna?

Það hefur tekið áratugi að byggja upp öflugt lífeyrissjóðskerfi fyrir allt launafólk í landinu. Í þeim efnum skiptir jöfnun lífeyrisréttinda á almenna og opinbera markaðnum miklu máli en þar var stigið stórt skref í rétta átt með lagasetningu í desember sl.

Í krafti stærðar sjóðsins býr Gildi yfir ákeðnu forskoti þegar kemur að hagræðingu í rekstri. Sjóðurinn leitar stöðugt nýrra leiða til þess að ná betri kjörum við val á fjárfestingum og hefur til þess byggt upp öflugan hóp starfsmanna. Lagt hefur verið aukið vægi í greiningarvinnu hjá sjóðnum og mun sá þáttur verða aukinn enn frekar.

Gildi hefur kappkostað að gefa greinargóðar upplýsingar um árangur og starfsemi sjóðsins. Má sjá þess glögg merkis í ársskýrslu sjóðsins sem starfsmenn hafa haft veg og vanda af. Hvet ég sjóðfélaga og aðra fundargesti til að kynna sér vel efni ársskýrslunnar.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á liðnu starfsári.